

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöðin Höfði hf. Reykjavík



Dags eftirlits	1.11.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Malbikunarstöðin Höfði hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Sævarhöfði 6 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5810962919	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirs dóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Ásberg K. Ingólfsson	Staðsetning	362038,627 405923,675

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit sem snýr að umgengni við efnavöru og hættuleg efni (spilliefni).

Tvær ábendingar voru gerðar. Rekstraraðila er bent á að senda stofnuninni uppfærðar upplýsingar um olíu- og bikgeyma á svæðinu og eins var bent á að við breytta nýtingu lóðanna breytast viðmiðunarmörk fyrir þungmálma, lífræn efnasambond og sjúkdómsvalda sem leyfileg eru í jarðvegi.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í malbikunarstöð Höfða hf. við Sævarhöfða 6 – 10 í Reykjavík. Starfsleyfi rekstraraðila er frá 27. mars 2019 og gildir til 31. desember 2022.

EKKI ER TIL DEILISKIPULAG FYRIR LÓÐIRNAR OG Í AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKURBORGAR 2040 ER GERT RÁÐ FYRIR AÐ STARFSEMI MALBIKUNARVERKSMIÐJUNNAR VÍKI OG AÐ Í ELLIÐÁRVOGI RÍSI BLÖNDUÐ BYGGÐ MEÐ ALLT AÐ 3.200 IBÚÐUM, TVEIMUR SKÓLUM OG ALLS UM 100.000 m² AF ATVINNUHÚSNÆÐI. Í GILDI ER SAMKOMULAG, DAGSETT 20. JANÚAR 2022, Á MILLI REYKJAVÍKURBORGAR OG MALBIKUNARSTÖÐVARINNAR HÖFÐA HF. UM BROTTFLUTNING STÖÐVARINNAR. ÞAR KEMUR FRAM AÐ MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF. SKULI SJÁ UM AÐ RÁÐSTAFNA Á VIÐURKENNDAN HÁTT ÖLLUM ÚRGANGI, EFNUM, ÚTBÚNAÐI, TÆKJUM, REKSTRARSVÆÐI, GEYMUM, LÖGNUM OG MENGUÐUM JARÐVEGI.

Eftir að starfsleyfi rekstraraðila rennur út hyggst Umhverfisstofnun fara í sérstakt lokunareftirlit.

Eftirlitið hófst á fundi. Mætt voru Elín Ásgeirs dóttir fyrir hönd rekstraraðila og Gottskálk Friðgeirsson fyrir hönd Umhverfisstofnunar. Ásberg K. Ingólfsson tók þátt í fundinum að hluta til.

Dagskrá:

1. Staða fyrri frávika og ábendinga / lokun stöðvarinna
2. Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og hreinsikerfa stöðvarinna / lokun stöðvarinna
3. Olíumannvirki / lokun stöðvarinna
4. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar / frágangur / viðskilnaður / samkomulag við Reykjavíkurborg / breytt skipulag
5. Önnur mál, atvik, breytingar, öhöpp og kvartanir

1. Frávik síðustu ára eru vegna ryks í útblæstri, útblásturshraða, umgengni um spilliefni og niðurgraffinnar olíulagnar. Nú þegar báðar malbikunarverksmiðjurnar hafa verið fjarlægðar er ekki rykmengun frá strompum og ekki frávik vegna lágs útblásturshraða. Neðanjarðar olíulögnum sem ekki hafði verið þrýstiprófuð hefur nú verið fjarlægð. Því eru engin útafstandandi mál í gangi vegna þessara þriggja atriða og þeim frávikum lokað.

Varðandi umgengni um efnavöru og hættuleg efni þá er enn mörgu ólokið í þeim efnum. Íblöndunarefni (Katon polymer) í rifnum pokum er óvarið utanhúss, notaðir rafgeymar standa utanhúss í opnu yfirfullu spilliefnakeri sem eru yfirfullt af rigningavatni og lekur úr kerinu í niður föll. Tómir úðabrusar í opnu keri fljóta í rigningavatni. Dísilolía í 1000 lítra geymi (bamba) stendur á plani vélaverkstæðisins án lekavarna.

Betta er frávik frá kröfum í eftirliti. Samkvæmt grein 3.14 í starfsleyfi er rekstraraðila skyld að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætta á að þessi efnir berist út í umhverfi.

2. Hreinsivirki stöðvarinna eru fjögur, tvö í útblæstri (pokasíur) og hafa þau verið fjarlægt og tvö í frárennsli (olíuskiljur) og er önnur skiljan enn í notkun. Tengist vélaverkstæði.

Settjörn sem er hreinsivirki neðan lóðar þjónustar stærra svæði í Ártúnshöfðanum og er á ábyrgð Veitna (Reykjavíkurborg).

3. Enn eru nokkrir díselolíugeymar í notkun. Birgðageymar fyrir bik nyrst á svæðinu (Sævarhöfði 10) standa enn og er verið að gera úttekt á asbesti í einangrun þeirra. Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærðum upplýsingum um gerð og fjölda olíu- og bikgeyma á svæðinu.

4. Þar sem starfsemin á Sævarhöfða hefur verið lögð af og frágangur á svæðinu hafinn þá kemur til ákvæða í áætlun rekstraraðila um frágang vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar.

Rekstraraðili hefur vísað til þess að áður en Malbikunarstöðin Höfði hf. tók við rekstri stöðvarinna árið 1994 þá rak

Reykjavíkurborg malbikunarstöð á sama stað frá árinu 1963. Samkomulag aðila tekur á því hver ber ábyrgð á frágangi og hvað borgin muni yfirtaka af mannvirkjum á svæðinu.

Í áætlun rekstraraðila um frágang vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar dagsett 16.11.2020, kemur fram geymar verði fluttir í burtu eða rifnir og lagnir fjarlægðar. Hráefnalager, hættuleg efni og úrgangur verður fluttur af staðnum til notkunar annars staðar eða sendur í viðurkennda spilliefnamóttöku.

Rekstraraðila er bent á að gera þarf úttekt á ástandi lóðar og meta það hvort mengun sé í jarðvegi. Eins og fram kemur í samkomulagi Reykjavíkurborgar og Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. þá er rekstraraðili ábyrgur fyrir hugsanlegum kostnaði sem kæmi til af mengun sem er tilkominn á meðan Malbikunarstöðin Höfði hf. hefur haft afnot af svæðinu. Þetta verður skoðað betur í lokaúttekt Umhverfisstofnunar.

Bent er á að við breytta nýtingu svæðisins koma til ný viðmiðunarmörk fyrir þungmálma, lífræn efnasambond og sjúkdómsvalda sem leyfileg eru í jarðvegi. Sjá viðauka í reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

5. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar og engin önnur atvik eða mengunaróhöpp orðið sem tilkynningarskyld eru.

Farið var í skoðun á lóð og umgengni og aðgengi skoðað. Nokkuð er um úrgang sem safnast hefur upp. Efnavara (hættuleg efni), íblöndunarefni, viðloðunarefni og spilliefni stóðu utandyra. Tiltekt á lóð er nauðsynleg sem og förgun úrgangs og hættulegra efna.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í grein 3.14 í starfsleyfi

Umgengni um efnavöru og hættuleg efni er ekki í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila var bent á að senda til Umhverfisstofnunar uppfærðar upplýsingar um olíu- og bikgeyma á svæðinu.
2. Bent var að að breytt nýting lóðanna í íbúðarsvæði hefur í för með sér breytingu á viðmiðunarmörkum fyrir þungmálma, lífræn efnasambond og sjúkdómsvalda sem leyfileg eru í jarðvegi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að veikja athygli á íþágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.12.2022


Gottskálk Friðgeirsson

bls. 4